

**Stofnanasamningur**  
**Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) og**  
**Flensborgarskólans.**

**1) Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi tekur til þeirra sem að eru félagsmenn í Stéttarfélagi Bókasafns- og upplýsingafræðinga og starfa við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Samningurinn er gerður í samræmi við ákvæði í köflum 11. greinar í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SBU sem undirritaður var 6. Júní 2011 .

**2) Markmið**

- Að koma í veg fyrir óútskýrðan launamun og virða jafnréttissjónarmið við launaákvarðanir.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp mannað sem hefur hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem að stofnunni er ætlað að sinna.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt, gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun byggi á málefnalegum sjónarmiðum.

**3) Röðun starfa í launaflokka**

3.1 Upplýsingafræðingur sem að hefur störf við Flensborgarskólann raðast í launaflokk 10. Hann hefur löggilt starfsheiti og ber ábyrgð á og hefur faglega umsjón með einum eða fleiri málaflokkum.

3.2 Forstöðumaður bókasafns. Bókasafns- og upplýsingafræðingur með löggilt starfsheiti sem hefur með höndum faglega stjórn og ábyrgð á bókasafni stofnunarinnar ásamt samskiptum við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Hann skipuleggur einnig og sér um eftir því sem við á, kynningar á starfi safnsins og notkunarmöguleikum þess. Forstöðumaður upplýsingaversins er með skráningarréttindi í Landskerfi bókasafna, er ábyrgður fyrir því málasviði og raðast að lágmarki í launaflokk 12.

*[Signature]*  
K.B.

#### **4) Starfsreynsla**

Eftir 2 ára starfsreynslu	1 launaflokkur
Eftir 5 ára starfsreynslu	1 launaflokkur

#### **5) Menntun**

Við röðun í launaflokka er gengið út menntun sem nýtist í starfi.

Kennsluréttindanám	1 þrep
Annað formlegt háskólanám	1 þrep
MA/MS próf	2 flokkar
Fyrir hvert MA/MS til viðbótar	1 flokkur

Heildstætt formlegt háskólanám sem að nýtist í starfi og nemur ekki minna en 30 einingum getur gefið 1 þrep.

#### **6) Önnur tilefni álagsgreiðslna.**

Greiða skal starfsmanni álag vegna sérstakra verkefna, áður ótalinna og ekki er getið um í starfslýsingu.

#### **7) Vinnutími**

Vinnutími skal lagaður að þörfum skólans, t.d. með því að færa til vinnuskyldu og hafa sveigjanlegan vinnutíma eftir samkomulagi. Safninu skal haldið opnu í allt 2 vikur utan skólatíma á almanaksárinu, frá skólaslita til skólastettingar. Skylt er þó að opna safnið og hefja starfsemi að lágmarki einni viku fyrir skólastettingu.

#### **8) Endurmenntun**

Heimilt er að styrkja bókasafns- og upplýsingafræðinga vegna endurmenntunar, ef um það er samið fyrirfram.

#### **9) Starfsmannasamtöl**

Árlega eigi síðar en 31. desember ár hvert, skulu fara fram starfsmannasamtöl. Þau eru m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og

MR  
JKR

líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, starfsfræðslu, endurmenntun og frammistöðu í starfi.

## **10) Launaviðtöl**

Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir launaviðtali. Viðtalið skal fara fram eigi síðar en 4 vikum eftir að ósk hefur komið fram. Hver starfsmaður getur aðeins óskað eftir launaviðtali 1 sinni á ári.

## **11) Samstarfsnefnd**

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi samkvæmt ákvæðum í samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM frá 28. febrúar 2005. Samstarfsnefnd skal einnig semja um röðun starfa samkv. 25. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin fjallar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmda stofnanasamnings.

## **12) Réttur til endurmats starfskjara**

Telji starfsmaður að hann sé ekki rétt raðaður miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstafsnefndar skv. ákvæðum kjarasamnings.

## **13) Gildistími og endurskoðun**

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. Júní 2014.

Endurskoða skal samninginn samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum þeim er þessi samningur byggir á, eða á tveggja ára fresti.

## **14) Undirritun**

Hafnarfjörður, 25.júní 2014

f.h. Flensborgarskóla

  
Magnus Þórður Magnússon  
FLENSBORGARSKÓLA

f.h. Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

  
Kármánn Þórdís Ólafsson

